



Nýársávarp
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. janúar 1983

Góðan daginn, góðir Íslendingar.

Ég óska öllum landsmönnum gleðilegs árs. Þegar nýtt ár gengur nú í garð býr mér engin ósk dýpra í hjarta en að okkur Íslendingum takist með samstöðu og sameiginlegu átaki að vinna bug á örðugleikum, sem að steðja – að árið færi okkur trú á bjarta daga þar sem friður og samlyndi sitji í öndvegi.

Það var eitt sinn fyrir allmörgum árum að eldri maður, sem hafði yndi af því að spjalla við börn og reyna ályktunarhæfni þeirra, spurði ungan samferðarmann sinn: „Hvert fer tíminn?“ Sveinninn ungi hugsaði sig um dágóða stund og svaraði síðan: „Hann fer í minningarnar.“ „En hvert fara þá minningarnar?“ spurði maðurinn. Eftir nokkur heilabrot svaraði sveinninn: „Þær fara í mannkynssöguna.“ Þetta þótti lífsreyndum manni gott svar og sagði börnum sínum, sem síðan hafa sagt það sínum börnum.

Á fyrsta degi nýs árs hugleiðum við venju fremur tímann, hvernig hann hefur liðið og hvað hann kunni að bera í skauti sínu í framtíð: þessi óstöðvandi tími sem er eins og fugl sem aldrei tyllir sér niður eitt andartak heldur er horfinn út í bláinn fyrr en varir og orðinn að fortíð. Hann er sameign okkar allra á jörðunni, óslitin keðja sem tengir alla atburði lífsins. Í mynd reynslu og minninga er hann lærifaðir okkar sem heldur okkur sístarfandi við að móta okkur og gera okkur samtíðina skiljanlega. Því er jafnan vert að spyrja hvernig við fáum best gert tímann að minningum sem eru þess virði að þeim sé haldið til haga. Það er hollt að reyna að átta sig á því hvort þær leiðir sem farnar hafa verið séu hinar einu réttu og hvort ekki sé unnt að velja betri leiðir eða ryðja enn fleiri.

Hér á Bessastöðum leita minningar um liðinn tíma einatt á hugann. Staðurinn er svo nátengdur sögunni um afkomu íslensku þjóðarinnar. Í raun og veru greina minningar Bessastaða skýrast sögustaða okkar frá því hvaða leið kynslóðirnar hafa gengið síðan norrænir menn höfðu valið sér íslenskt þjóðerni og fest rætur í landinu. Rismikið blómaskeið þjóðarinnar á miðöldum tengist Bessastöðum, þegar staðurinn var í eigu Snorra Sturlusonar, því næst dapprar aldir örbirgðar, doða og sinnuleysis, þegar þjóðin hafði gefið líf sitt og vinnuþrek erlendu konungsvaldi. Enn eru Bessastaðir sögustaðurinn mikli þegar íslensk þjóð rumskar eftir langan svefn og vaknar til dáða með frelsishugsjón að leiðarljósi. Með hlýju og stolti hugsum við til þeirra æskumanna sem hér gengu um dyr í gömlu Bessastaðastofu eins og hún enn stendur, Latínuskólanum gamla, í byrjun 19. aldar og síðar urðu ritsnillingar, stórskáld og þjóðmálafrómuðir.

Þegar þeir stofna Fjölni á Kaupmannahafnarárum sínum og send heim til Íslands er það meginmarkmið þessa „árs-rits handa Íslendingum“ „að vekja andann með

þjóðinni“ eins og þeir komust að orði. Þeirra tímar, tímar Jóns Sigurðssonar og þeirra ótalmörgu sem hver fram af öðrum áratug eftir áratug unnu að því frelsi þjóðarinnar sem við njótum nú hafa vissulega orðið að minningum sem aldrei firmast. Þegar svo loks að því kom að langþráð lýðveldi fullfrjálsra Íslendinga var endurreist höfðu Bessastaðir verið færðir þjóðinni að gjöf – til eignar og ábúðar; tíminn og sagan gátu haldið þar áfram að spinna minningar allra þeirra sem að garði ber um þjóð sem með fullri reisu er þjóð meðal þjóða.

Þegar sá dagur nálgast á komandi sumri að sólargangur verði lengstur kemst íslenska lýðveldið á fertugasta aldursárið. Á þessum stutta tíma þjóðarævinnar hefur meira áunnist en hjartásynustu menn mun hafa órað fyrir. Líf fólksins í landinu hefur tekið miklum – nær algjörum stakkaskiptum. Leiðin hefur legið frá fábrotinu lífverni, aðhaldi og nýtni, til ótrúlegrar velmegunar þar sem lítt hefur verið til sparað – kannske stundum of lítið – til að gera lífið sem þægilegast. Einangrun eylandsins norður við Dumbshaf hefur verið svo rækilega rofin að við liggur að landið sé komið í þjóðbraut þvera. Allar helstu nýjungar heimsins berast okkur með hraði. Sjálfir eru Íslendingar á ferð og flugi um víða veröld og snúa margir hverjir heim ríkir af fróðleik um líf og störf fjarlæggra þjóða. Af öllu því góða sem þessi tími hefur gefið okkur til að auðga minningarnar ber ekki síst að meta það að hann hefur blásið okkur þann anda í brjóst að framlag okkar til vísinda, lista, íþróttar og verkmenningar er orðið þekkt og eftirsótt í mörgum löndum. Í svo ríkum mæli hefur okkur tekist að koma því á framfæri hversu skapandi fámenn þjóð okkar er, að stórþjóðir eru hættar að leiða hugann að því að við séum smáþjóð.

Ég tel mig geta trútt um talað, eftir að hafa verið fulltrúi Íslands sem gestur meðal milljónaþjóða með list og menningarauð mér til liðs. Frá liðnu ári er þátttaka Íslands í menningarkynningu Norðurlanda í Vesturheimi minnisverðust á þessu sviði. Þótt ekki hafi verið hægt að koma á framfæri nú nema broti af því sem við hefðum viljað og talið verðugt var stigið skref sem athygli vakti og vænta má að sé upphaf langrar ferðar til vegsauka, ef rétt og vel er á málum haldið. Víst er, að listunnendum vestra og miklu víðar er nú fullkunnugt um að við eigum býsna margt og fjölbreytilegt í fórum okkar til að sýna og kynna og þeir hafa látið þá ósk í ljós að fá nýrra og meira að heyra.

Gjöfuleg menningartengsl ættu allar þjóðir að kostgæfa. Ég vík ekki frá þeirri skoðun, að því nánari kynni sem þjóðir hafa hver af annari, þeim mun meira tillit taka þær hver til annarrar. Slík tengsl brýna friðarviljann og skapa skilyrði til að vopnum fækki.

Þjóð okkar hefur einnig á velferðartímum reynst sómarík meðal þjóða fyrir hve einarðlega hún bregst við hvenær sem mannúðar- og mannréttindamál eru á baugi. Sameinuðu þjóðirnar hafa um skeið hvatt þjóðir til að sinna sérstaklega ýmsum þeim málum sem betur mega fara í heiminum; ár aukinna kvenréttinda, ár barnsins, ár fatlaðra og ár aldraðra. Öllum þessum málum höfum við veitt brautargengi og einkum lagt okkur fram við að hlúa sem best að og gera sem mest til gleði þeim sem á einhvern hátt eru vanmegnugir. Nú hafa Sameinuðu þjóðirnar tekið þá ákvörðun að nýja árið skuli helgað bættum fjarskiptum og samgöngum milli þjóða heims og er það vel. Enn búa margir við slíka einangrun að þeir þekkja ekkert til umheimsins.

En hvenær skyldum við mega vænta árs unga fólksins? Á því leikur enginn vafi að það gæti orðið öllum til gagns og gleði að staldra við oftar en gert er og leggja sérstaka rækt við æskufólk sem er á erfiðu skeiði lífsins á mörkum þess að vera börn og fulltíða menn. Við mættum koma því betur til skila hve óendanlega hlýtt okkur er til unga fólksins og hvernig við viljum veg þess sem mestan og bestan án þess að vera

sírexandi til að leiða því fyrir sjónir okkar eigin sannleika, oft ærið gamaldags. Við mættum reyna að skilja betur unga fólk, nýstárleg og skemmtileg uppátæki þess. Þau eru mörg öðruvísi en við eigum að venjast sem eldri erum, þótt einu sinni höfum verið ung. Eitt af einkennum tímans, sem svo hratt líður yfir í minningar, er að með honum breytist lífsafstaðan frá ári til árs með nýjum uppfinningum og nýjum lífsvenjum. Löngum hafa eldri kynslóðirnar fjargviðrast út af yngri kynslóðum sem ekkert var um að feta nákvæmlega troðnar slóðir. Það mætti einnig spyrja hvort það væri æskilegt. Kynni það ekki að vera merki um stöðnun og afturför? Ungu fólk þurfum við af metnaði að virkja með okkur fyrir framtíðina, gleðjast með því og sameiginlega vinna bug á tómlæti sem víða virðist einkenna bæði unga fólk og fullorðna. Enn skal á það minnst að ekkert er dapurlegra en að hafa ekki annað fyrir stafni en að drepa tímann, láta hann hverfa út í buskann í gleymiskunnar dá. En til bóta þarf sjálfsgaga og það ekki aðeins æskunnar. Eigi fullorðið fólk að miðla æskunni af ríkidæmi reynslu sinnar þarf það einnig að temja sér aga og síðast en ekki síst að rækta með sér kærleika.

Fyrir og um þessi áramót hefur mönnum orðið einkar tíðrætt um mikinn vanda þjóðarbúsins og erfið úrlausnarefni. Þegar litið er til minninganna sem eru saga þessa lands og þessarar þjóðar hefur svo ótal oft verið svart á álinn – svartara en nú er.

Dr. Kristján Eldjárn, dyggur vinur okkar allra, sem við hugsum til með miklum söknuði, lét svo um mælt í áramótaræðu sinni árið 1980 er hann skildi við embætti: „Kjörorð Jóns Sigurðssonar var Eigi víkja, og getur þýtt margt, meðal annars að aldrei megi láta undan síga í sókn þjóðarinnar að markmiðum frelsis og menningar í þessu landi, á hvaða vettvangi sem er. Það merkir einnig að ekki skuli æðrast og þaðan af síður örvænta, þó að eitthvað gefi á bátinn.“ Ég vil gera þessi orð forvera míns að einkunarorðum okkar á nýju ári.

Íslenska þjóðin er sífellt að velja sér framtíð, tilveru. Sú spurning hlýtur að vera áleitin í hugum okkar um þessar mundir: Hvað viljum við Íslendingar? Viljum við komast yfir sem mest, ná öllu sem hugurinn gimist og löngunin blæs okkur í brjóst? Viljum við setja markið svo hátt að engin leið sé að ná því? Eða viljum við meta hvað okkur er fært, velja úr þau svið sem við getum náð árangri á og vinna að því að nýta möguleika okkar út í æsar?

Við skulum vera hófsöm, en þó setja markið hátt.

Á erfiðum tímum gerum við það hvert öðru best að standa saman. Treysta hvert öðru; leggjast á eitt til sameiginlegrar farsældar. Við viljum svo margt, og við höfum svo mikið að gefa hvert öðru að tímabundnir erfiðleikar breyta engu um hve gott það er að búa í þessu landi. Meðan við eigum okkur þann metnað að gera okkar besta þá mun vel farnast. Sé markið sett svo hátt að við verðum að neyta allra okkar krafta þá erum við á réttri leið. Þá er andinn í þjóðinni glaðvakandi í bjartsýnni önn daganna.

Því skal ekki gleymt að í tímanna rás höfum við nokkurt vald yfir hvernig minningarnar um okkur verða.

Gleðilegt ár!